

Miðvikudaginn 13. apríl 1949.

Nr. 3/1949.

**Alþýðusamband Íslands f. h.
Matsveina og veitingaþjónafélags Íslands**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Skipaútgærð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.)

Varadómari Benedikt Sigurjónsson
í stað **Isleifs Árnasonar.**

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi.
Þjónustugjöld á farþegaskipum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands gegn Skipaútgærð ríkisins með stefnu, útg. 26. jan. þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða framreiðslumönnum á m/s Esju, í ferðum skipsins milli Skotlands og Íslands í júlí, ágúst og september 1948, 10% af verði alls þess fæðis, er farþegarnir greiddu stefnda beint um leið og þeir keyptu farseðla sína.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Í síðastliðnum júnímánuði fóru fram samningsumleitanir milli stefnanda máls þessa annars vegar og stefnda og Eimskipafélags Íslands h/f hins vegar um nýjan kjarasamning, og tókust samningar 2. júlí f. á. Í b-lið 3. gr. samnings þessa segir svo:

„Á verð allrar vöru, sem framreiðslumenn selja til farþega, er þeim heimilt að bæta allt að 15% — fimmtán af hundraði —, enda beri útgærðin ekki ábyrgð á innheimtu þess gjalds.“

Áður en til þessa samnings kom, eða snemma vors s.l. ár, hafði stefndi ákveðið að halda uppi skipaferðum milli Skotlands og Íslands þá um sumarið, sem voru sérstaklega ætlaðar

erlendu skemmtiferðafólki, er koma vildi til Íslands. Voru farmiðar seldir fyrirfram af umboðsmanni stefnda í Glasgow og giltu þeir bæði fyrir fari og fæði, ósundurgreint, þann tíma, er ferðin stóð yfir, þ. e. frá Glasgow til Íslands með dvöl þar og til Glasgow aftur. M/s Esja var notuð til þessara ferða. Þór hún frá Reykjavík í fyrstu ferð sína 23. júní f. á. Eftir nokkurra daga dvöl erlendis hélt hún af stað frá Glasgow í fyrsta sinn 7. júlí s. á. og kom til Reykjavíkur 10. s. m., og svo aftur 22. s. m.

Framreiðslumenn skipsins töldu sig samkvæmt framan- greindu sammingsákvæði eiga rétt til að fá 15% af verði fæðis hvers farþega, en með því að farþegar höfðu greitt fæðið í verði farmiðans, litu framreiðslumenn svo á, að útgerðin ætti að standa þeim skil á nefndu gjaldi. Hefur stefndi viðurkennt, að málaleitun um að inna gjald þetta af hendi hafi komið fram í ágústmánuði f. á. Hann taldi sér þetta óskilt, en greiddi þó framreiðslumönnunum á Esju 5% af verði fæðisins, er samkvæmt skýrslu stefnda, sem ekki hefur verið mótmælt, nam alls kr. 76.256.00. Þar sem stefndi vildi ekki greiða meira höfðaði stefnandi mál þetta og gerir þær dómkröfur, sem að framan greinir. Upphaflega krafðist hann í stefnu 15% af verði fæðisins, en er það kom í ljós meðan á málinu stóð, að stefndi hafði þegar greitt 5%, lækkaði stefnandi kröfu sína, sem því nam.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að í fram- annefndu ákvæði b-liðs 3. greinar „selja til farþega“ felist það, að framreiðslumönnunum á m/s Esju hafi verið heimilt að reikna sér 15% þjónustugjald af verði allrar þeirrar vöru, sem þeir létu af hendi til farþega. Nú hafi útgerðin selt fæðið um leið og farmiðann, og sé henni því skylt að standa þeim skil á 15% af verði þess fæðis, sem hún innheimti endurgjald fyrir, því að framreiðslumenn hafi ekki talið sér fært, að krefja farþega um þjónustugjald, enda gert ráð fyrir, að stefndi hefði tekið tillit til þess við sölu farmiðanna.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ákvæð- um b-liðs 3. gr. sé framreiðslumönnunum aðeins heimilt að reikna sér 15% af verði þeirrar vöru, sem þeir láti farþegum í té og innheimti jafnframt endurgjald fyrir. Hins vegar eigi

þeir ekki rétt til þjónustugjalds af verði þeirrar vöru, sem stefndi innheimti gjald fyrir, svo sem fæðis, sem innifalið sé í verði farseðils, enda sé skýrt tekið fram í nefndu ákvæði, að útgerðin beri ekki ábyrgð á innheimtu þjónustugjaldsins. Telur stefndi, að fyrirsvarsmönnum matsveina- og veitingaþjónafélagsins hafi mátt vera þetta fullljóst, því hann (stefndi) hafi ætíð áður, er skip hans sigldu milli landa, selt fæði og far í einu lagi, án þess að þjónustugjald væri þar innifalið. Hins vegar hafi honum þá þótt sanngjarnt, að framreiðslumenn fengju 5% af verði fæðisins, og hafi hann galdið þeim þá fjárhæð, er svo stóð á, og þótt rétt að gera það einnig nú, enda þótt hann teldi sér það óskyldt samkvæmt nügildandi samningi.

Samningsákvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hefur ekki verið í kjarasamningum málsaðilja undanfarin ár, og var nú tekið upp í samningana úr samningsuppkasti, er fyrirsvarsmenn matsveina- og veitingaþjónafélagsins lögðu fyrir skipaeigendur. En aðiljar eru sammála um það, að ekkert hafi verið um það rætt við samningsgerðina, hvað í því skyldi felast. Fram til þessa mun það hafa verið aðalreglan í siglingum íslenzkra farþegaskipa, og er enn í strandferðum hér, að þjónar innheimti gjald fyrir fæði farþega og fái þá þjónustugjald af verði þess. Á þeim skipum Eimskipafélags Íslands h/f — en það er aðili að frammannefndum samningi — er sigla milli Bretlands og Íslands, hefur það fyrirkomulag tíðkast síðan árið 1946, að far og fæði hefur verið selt í einu lagi og framreiðslumenn þó fengið þjónustugjald af verði fæðisins, sem félagið hefur innheimt hjá farþegum. Þá er það komið upp í málinu, að í þeim tilfellum, er skip stefnda hafa siglt milli landa, hefur hann greitt framreiðslumönnum þeim, er hlut áttu að máli, tiltekinn hundraðshluta af verði fæðis þess, er farþegar fengu, þótt hann hefði það fyrirkomulag þá að selja far og fæði í einu lagi.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir verða að skýra ákvæði b-liðs 3. greinar svo, að framreiðslumönnum sé heimilt samkvæmt umdeildu samningsákvæði, að krefjast 15% af verði þess fæðis, er þeir afgreiða til farþega, þótt það sé greitt beint til útgerðarinnar, enda er ekki sannað, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi vitað, er þeir sömdu 2. júní f. á., hversu

háttað yrði sölu fæðis í ferðum Esju s. l. sumar, og þannig gefist sérstakt tilefni til að ræða þessi ákvæði. Stefndi hefur og í verki viðurkennt, að framreiðslumönnum beri einhver þóknun fyrir afgreiðslu þessa fæðis, með því að greiða þeim 5% af verði þess.

Þá kemur til álita, hvort stefnda sé þrátt fyrir ákvæði b-liðs 3. greinar, um að útgerðin beri ekki ábyrgð á innheimtu þjónustugjaldsins, skylt að standa þjónustumönnum skil á gjaldi því, sem um er deilt í þessu máli.

Í málinu er fram komið, að stefndi tilkynnti ekki farþegum í ferðum þessum, hve mikill hluti verðs farseðils væri fæðiskostnaður og ekki verður séð, að hann hafi gert þeim ljóst, að þeim bæri að greiða sérstakt þjónustugjald fyrir framreiðslu matar, er þeim var látinn í té og galdið var fyrir við kaup farseðils. Þá er og fram komið, að stefndi tilkynnti ekki framreiðslumönnum í ferðum þessum, hvaða verði fæðið var reiknað farþegunum. Þegar þetta er virt, er ljóst, að stefndi hefur gert aðstöðu framreiðslumanna skipsins gagnvart farþegunum slíka, að þeim var ókleyft að krefja farþega um sérstakt þjónustugjald vegna fæðisins. Með þessu hefur stefndi gert framreiðslumönnum ókleyft að beita þeim rétti, er þeim var veittur með kjarasamningnum frá 2. júlí f. á., og verður hann því að bera ábyrgð á því gjaldi, er þeir ella máttu krefja, eða 15% af fæðisverðinu.

Eins og að framan er greint hefur stefndi þegar galdið 5% af verði fæðisins, og ber því samkvæmt þessari niðurstöðu að taka til greina þá dómkröfu stefnanda, að stefnda sé skylt að greiða umræddum framreiðslumönnum 10% af verði fæðis þess, er mál þetta fjallar um.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaúngerð ríkisins, er skylt að greiða framreiðslumönnum þeim, er voru á m/s Esju í ferðum skipsins milli Skotlands og Íslands í júlí, ágúst og septembermánuði 1948, 10% af verði þess fæðis, er farþegar í

nefndum ferðum greiddu stefnda um leið og þeir keyptu farseðla.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 21. maí 1949.

Nr. 10/1949. **Trésmiðafélag Reykjavíkur**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.

Almenna byggingarfélagssins h/f

(Björgvin Sigurðsson hdl.)

Varadómari Ragnar Jónsson
í stað Gunnlaugs E. Briem.

Kjarasamningar. Vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 ekki talinn vera fyrir hendi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Trésmiðafélagi Reykjavíkur gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Almenna byggingarfélagssins h. f. með stefnu, dags. 12. þ. m. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að kauptaxti Trésmiðafélagssins, sem tilkynntur var með auglýsingu 7. apríl s. l. og kom til framkvæmda 10. s. m., sé jafn bindandi fyrir stefnda sem um skriflegan vinnusamning samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 væri að ræða milli aðilja máls þessa. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi hefur haft þann hátt á um ákvörðun kaups félagsmanna sinna, að ekki hafa verið gerðir kjarasamningar við vinnuveitendur, heldur hefur kaupíð verið ákveðið með einhliða ákvörðun stefnanda og hann auglýst kauptaxta, sem aðeins virðist hafa geymt ákvæði um fjárhæð vinnulauna á klukkustund. Í samræmi við þessa tilhögun var samþykkt